

Nd.

107. Frumvarp til laga

[82. mál]

um gerðabækur ríkisstjórnar.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Á öllum ráðherrafundum skal haldin gerðabók og skráð þar í, hvað á fundum gerist, og afstaða hinna ýmsu ráðherra til hinna ýmsu mála, sem rædd eru.

2. gr.

Utanríkisráðherra skal láta halda gerðabók um viðtöl sín við fulltrúa erlendra ríkisstjórna.

3. gr.

Þegar liðin eru 15 ár, frá því að fundir þeir eru haldnir, sem í gerðabækur eru skráðir, eða samtöl þau hafa farið fram, er um getur í 2. gr., skulu gerðabækur þessar eða afrit af þeim, svo og af bréfum þeim, er fara milli ríkisstjórnar eða ráðherra Íslands og fulltrúa annarra þjóða, vera geymd á þjóðskjalasafni, þannig að almenningur hafi aðgang að þeim.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til skamms tíma munu eigi hafa verið færðar nákvæmar gerðabækur á fundum ríkisstjórnar Íslands, en sú regla hins vegar tekin upp að mestu í tíð núverandi ríkisstjórnar. Sömuleiðis mun það eigi hafa verið föst regla, að viðtöl utanríkisráðherra við fulltrúa erlendra ríkja séu skráð. Hvort tveggja er hins vegar hin brýnasta nauðsyn, bæði vegna starfshátta og samhengis í starfi hinna ýmsu ríkisstjórna sem og vegna sögulegra rannsókna síðar meir. Ef fundagerðir og viðtöl eru eigi skráð samkvæmt 1. og 2. gr., getur síðar meir verið vefengt, hvað gerzt hefur.

Þá er svo fyrir mælt í 3. gr., að að 15 árum liðnum, skuli slíkar gerðabækur og viðtalsbækur og bréf opinberar. Er það venja víða erlendis, svo sem í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Í framsögu mun nánar rætt um einstök dæmi úr nútímasögu vorri, er sýna, hve nauðsynleg lagasetning er um þetta.